

Garðabær öryggi barna á leiksvæðum bæjarins

Undirrituð var beðin að skoða öryggi á tilteknum tækjum á leiksvæðum barna í Garðabæ. Eitt af þeim tækjum sem voru skoðuð er á Opnu svæði við Aspalund.

Hugmyndafræði leiktækja og svæða

Leiktæki og leiksvæði skapa möguleika fyrir börn að öðlast félagsfærni, tilfinningagreind, hreyfiproska og þroska á heila. Með þetta í huga ásamt öryggi barnsins að leiðarljósi þá verða leiktækin að skapa hreyfingu, leikgleði og vera ögrandi fyrir barnið en innan getu þess eftir aldri. Á liðnum árum hefur það aukist að börn hreyfi sig minna en áður og því hafa leiktæki tekið miklum breytingum til að hvetja börn til meiri hreyfingar. Oft á tíðum finnst foreldrum þetta vera glæfralegri tæki og óttast sérstaklega hversu há þau eru.

Hlutverk Sveitarfélaga í öryggi á leiksvæðum

Á Íslandi er í gildi reglugerð NR. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Í stuttu máli þá eru þessi ákvæði eftirfarandi meðal annars .

1. Þegar gerð eru kaup á nýju tæki skal kaupandinn tryggja það að einungs séu keypt leiktæki og öryggisundirlag sem uppfylla gildandi staðla EN 1176 og EN 1177.
2. Söluaðilinn verður að láta kaupandanum í té vottorð um að þau tæki og öryggisundirlög sem hann er að framleiða eða selja fyrir annan framleiðanda uppfylli gildandi staðla og að geta sýnt vottorð þess efnis. Hann á einnig að láta fylgja með upplýsingar um hvernig setja eigi tækin saman og festa þau í jörðu til að tryggja að það sé rétt gert. Kaupandanum ber að fara eftir því að þessu sé framfylgt og einungis fá til þess aðila sem hafa á þessu þekkingu. Þegar uppsetningu og frágangi er lokið skal fara yfir að allt hafi verið gert samkvæmt leiðbeiningum en þessi loka úttekt er í höndum byggingarfulltrúa ef um nýjar eða stórar endurbætur á leiksvæðum/leiktækjum er um að ræða.
3. Söluaðilinn á líka að láta fylgja með leiðbeiningar um hvernig og hvenær fara skuli yfir tækið til að tryggja það að það sé ávalt í öruggu ástandi. Hluti þessarar yfirferðar er í höndum kaupandans en þetta er gert með reglulegu millibili í Garðabæ. Í kjölfar eru gerðar lagfæringar á þeim til að tryggja fyllsta öryggi barna.
4. Í reglugerðinni er fjallað um árlega aðalskoðun en það er stærri og veigameiri úttekt á tækjum og þau eru í höndum utanaðkomandi aðila sem hlotið hefur sérstaka þjálfun til þess og faggildingu.

Hlutverk foreldra á öryggi barna á leiksvæðum.

Foreldrar bera ábyrgð á börnum til 18 ára aldurs. Hlutverk foreldra er að vernda börn gegn hættum og eru slysavarnir þar á meðal. Til að tryggja öryggi þeirra þarf að hafa gott eftirlit með þeim og eftir því sem þau verða eldri er hægt að slaka á eftirlitinu en þó með þeim fyrirvara að við vitum hvar þau eru að leika sér og að það sé á öruggum svæðum þar sem börn geta verið mjög áhættusækin. Mikilvægt er að foreldrar fari með börnunum 5 ára og yngri út á leiksvæðin í hverfinu þar sem ekki er hægt að hafa gætur á þeim. Þó að leiktæki og svæði standist gildandi staðla þá ber að nota tækin rétt. Sór hluti alvarlegra slysa hér á

landi í leiktækjum verða þegar fullorðið fólk hefur farið með ungt barn á leiksvæði og hjálpað því upp í tæki sem hæfir ekki aldri þess. Barnið ræður ekki við tækið þar sem það er hannað með þroska og getu mun eldri barna í huga. Eitt af kröfum í staðlinum er að tækin skuli bera merkingu sem sýnir fyrir hvaða aldur tækið er framleitt og það ber að fara eftir þeim leiðbeiningum til að koma í vega fyrir slys.

Foreldrar verða að fræða börn sín um að þau noti einungis þau tæki sem hæfa aldri þeirra. Oft þegar börn eru að leika sér eftirlitslaust þá geta skapast óæskilegar aðstæður þar sem þau hvetja hvort annað að nota tækið á hættulegan hátt. Sem dæmi um þetta hafa börn farið upp í kastala í 3 metra hæð og dregið með sér spýtur sem gera þeim kleift að komast upp á þak á kastalanum sem þau myndu annars ekki komast uppá því tækið er hannað með takmörkun á því til að koma í veg fyrir slys. Þegar þangað er komið eru þau oft kominn í 4 metra hæð eða hærra. Ef barn fellur úr þessari hæð mun það slasast alvarlega þar sem öryggisundirlagið er einungis gert fyrir 3 metra fall. Þetta flokkast undir ranga notkun á tæki en staðallinn tekur ekki á slíku að öðru leiti en því að vara við hættunni. Í kjölfar á slíkum slysum er oft beðið um breytingar á tækinu til að koma í veg fyrir ranga notkun en slíkt er ekki æskilegt þar sem samþykkja skal allar breytingar og þær síðan prófaðar til að ganga úr skugga að þær geti ekki valdið öðrum hættum.

Mörg alvarleg slys hafa orðið við svipaðar aðstæður. Það er mjög skiljanlegt að foreldrum sé brugðið og oft eru fyrstu viðbrögð að fjarlægja tækið því það sé svo hættulegt. Þessi viðbrögð eru skiljanleg en varasöm fyrr en gengið hefur verið úr skugga hvort rekja megi slysið til tækis og undirlags eða til rangrar notkunar á tækinu. Margar erlendar rannsóknir sýna að börn séu í meiri hættu við leik á öðrum stöðum en leiksvæðum og því varasamt að fara fram á að tiltekin tæki sem standast allar kröfur séu fjarlægð.

Kastali við Aspalund, 210 Garðabæ

Standflötur/setflötur kastalans. (það er það svæði sem tækið er hannað fyrir að barn geti staðið á eða tillit sér niður á) í þessu tiltekna leiktæki þá er þessi hæð 3 metrar. Þetta er leyfilegt samkvæmt staðlinum EN 1176. Kastalinn er framleiddur af Fyrirtækinu Lappsett of hefur staðist öll próf er lúta öryggi sem gerðar eru kröfur til í fyrrnefndum staðli.

Öryggisundirlag við Kastalann

Við skoðun vöknúðu grunsemdir um að mögulega gæti verið frávik í falldempunar eiginleikum öryggisundirlagsins. Í framhaldi af því var ákveðið að láta gera mælingu til að kanna hvort það uppfylli falldempun upp í 3 metra eða þaðan sem barn getur hæðst fallið niður úr tækinu. Mæling var framkvæmd í frosti þann 19.1.2021 til að ganga úr skugga um að eiginleikar öryggisundirlagsins uppfylli þau skilyrði sem það þarf að uppfylla við verstu veðurfarsastæður sem er frost í jörðu.

Mæling á öryggisundirlagi leiddi í ljós að það voru frávik á að undirlagið uppfyllti skilyrði á hluta svæðisins.

Þegar þetta kom í ljós var ákveðið að skoða fleiri tæki í eigu bæjarins til að ganga úr skugga um að þau uppfylli gildandi staðla og að undirlagið sé öruggt.

Herdís Storgaard

28.1.2021.